

216. mál til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis:

Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku

Umsögn frá Kayakklúbbnum



Kayakklúbburinn fagnar framkominni þingsályktun (216. mál) um áhættumat vegna ferðamennsku, en leggur áherslu á að gerður verði skýr greinarmunur á auknum öryggiskröfum til ferðaþjónustuaðila og almennra ferðamanna sem ferðast á eigin vegum um landið.

Sjálfsgagt og eðlilegt er að gera kröfur til ferðaþjónustuaðila og leiðsögumanna sem eru á ferð með gesti við misjafnar aðstæður í náttúru Íslands, enda er greitt fyrir slíka þjónustu. Þetta á við um kayakferðir á sjó og vötnum á vegum slíkra aðila. Skýrari lagaákvæði vantar hins vegar um kröfur sem eru gerðar til þeirra sem vinna sem leiðsögumenn í skipulögðum kayakferðum, til dæmis varðandi réttindi og hæfni leiðsögumanna, fjölda ferðamanna á hvern leiðsögumann, búnað, tilkynningar og ferðaáætlanir, áhættumat, tryggingar og fleira sem því er skylt. Kayakklúbburinn leggur áherslu á þekkingu og hæfni leiðsögumanna sem stjórna kayakferðum, að þeir búi yfir nauðsynlegri getu og þjálfun og geti brugðist við með réttum hætti við sem flestum vanda sem getur orðið í slíkum ferðum, hvort sem er í róðri eða á landi. Kayakklúbburinn vill þó vara við of stífum reglum varðandi umsóknir um ferðaleyfi, þar sem unnt þarf að vera að taka tillit til veðurfars og annarra aðstæðna, sem eiga að ráða ferðatímabili og áfangastað, fremur en útgefin leyfi.

Kayakklúbburinn hefur um langt árabil staðið fyrir skipulögðum ferðum fyrir félagsmenn sína, bæði dagsferðum og lengri ferðum. Kayakklúbburinn hefur sett sér öryggisreglur meðal annars varðandi þjálfun og reynslu róðrarstjóra og einnig um búnað í ferðum, sjá tengla á vefsíðu Kayakklúbbsins, þ.e.a.s. [Öryggisstefna félagsróðra](#) og [Öryggisstefna klúbbferða](#). Hér er um að ræða ferðir sem lúta innra skipulagi og reglum klúbbsins, en ekki er greitt gjald fyrir þátttöku í ferðum og ræðarar eru þar á eigin ábyrgð þó undir skipulagi farastjórn sem lítur öryggistefnu klúbbsins. Varðandi mótun öryggisstefnunnar þá hefur Kayakklúbburinn einkum horft til British Canoe Union (BCU), en það eru bresk samtök sem hafa komið sér upp kerfi sem er notað um allan heim, ýmist í heild eða með breytingum í einstökum löndum. BCU kerfið er stigskipt og tekur til þjálfunar í kayakróðri og ferðum, allt frá nýliðum til leiðsögumanna og leiðbeinenda. Annað nokkuð nýtt kerfi kallast [International Sea Kayaking Guide Association](#). Þar er um að ræða kerfi sem er eingöngu sett upp með þjálfun og hæfni leiðsögumanna í huga sem hafa atvinnu af því að stýra kayakferðum. Samstarf er á milli þessara samtaka um þjálfun og mat (e: assessment) og félagsmenn Kayakklúbbsins hafa átt þess kost að kynnast þessu starfi.

Kayakklúbburinn leggur einnig áherslu á að samráð verði haft við ferðaþjónustufyrirtæki og félagsamtök um útivist verði ákveðið að setja sérstakar reglur um ferðir á ákveðnum svæðum, svo unnt sé að móta heildstæða stefnu sem tekur mið af bæði möguleikum til ferðalaga og náttúrverndar og með hliðsjón af nýjum náttúruverndarlögum.

Reykjavík, 9. mars 2014,
f.h. Kayakklúbbsins,
Klara Bjartmarz.